

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 24. nóvember 1986

um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni

(86/609/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

1. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

Markmiðið með tilskipun þessari er að tryggja samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- eða vísindaskyni til að komist verði hjá því að lög þessi og stjórnsýslufyrirmæli hafi áhrif á tilkomu og starfsemi hins sameiginlega markaðar, einkum með því að raska samkeppni eða með viðskiptahindrunum.

2. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Misræmi það sem ríkir milli gildandi lagaákvæða aðildarríkjanna um verndun dýra, sem notuð eru í ákveðnu skyni í tilraunum, kann að hafa áhrif á starfsemi hins sameiginlega markaðar.

a) „*dýr*“: nema annað sé tekið fram, öll lifandi hryggdýr önnur en menn, þar með talin öll lirlustig sem lifa sjálfstætt og/eða geta fjölgað sér, að fósturum undanskildum;

Til að eyða þessu misræmi ber að samhæfa lög aðildarríkjanna. Með samhæfingunni ber að tryggja að ekki verði notuð fleiri dýr í tilrauna- og vísindaskyni en nauðsyn krefur og að dýrin hljóti viðunandi umhirðu og þurfi ekki að þola sársauka, þjáningu, ótta eða varanlegt mein að óþörfu eða í sem minnstum mæli verði ekki hjá því komist.

b) „*tilraunadýr*“: öll dýr sem notuð eru eða nota á við tilraunir;

Einkum ber að forðast endurteknar tilraunir að nauðsynjalaus.

c) „*ræktuð dýr*“: dýr sem eru ræktuð sérstaklega til nota í tilraunum við aðstæður sem yfirvaldið hefur samþykkt eða skráð;

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 351, 31. 12. 1985, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 255, 13. 10. 1986, bls. 250.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 207, 18. 8. 1986, bls. 3.

d) „*tilraun*“: öll notkun á dýri í tilrauna- eða vísindaskyni sem getur valdið því sársauka, þjáningu, ótta eða varanlegu meini, þar með talin öll meðhöndlun sem hefur að markmiði eða gæti leitt til þess að dýr fæðist í slíku ástandi, að undanskildum viðurkenndum nútímaaðferðum við að aflífa eða merkja dýr sem valda minnstum sársauka (þ. e. „mannúðlegum aðferðum“); tilraun hefst þegar dýrið er fyrst búið undir notkun og

lýkur þegar ekki eru gerðar fleiri athuganir í tengslum við tilraunina; þótt takast megi að nota svæfingu eða deyfingu eða aðrar aðferðir til að koma í veg fyrir sársauka, þjáningar, ótta eða varanlegt mein hefur það ekki í för með sér að skilgreining þessi taki ekki til notkunar dýrs. Undanskilin eru störf dýralækna, við landbúnað eða lækni meðferð dýra, sem ekki eru stunduð í tilraunaskyni;

- e) „*yfirvald*“: yfirvald eða yfirvöld sem hvert aðildarríki tilnefnir til að hafa eftirlit með tilraunum í skilningi tilskipunar þessarar;
- f) „*þar til bær einstaklingur*“: sá maður sem aðildarríki telur til þess bærán að gegna þeim störfum sem lýst er í tilskipun þessari;
- g) „*stöð*“: öll aðstaða, hús, byggingar eða önnur athafnasvæði, að meðtöldum stöðum sem eru ekki alveg luktir eða yfirbyggðir og færnlegri aðstöðu;
- h) „*ræktunarstöð*“: stöð þar sem dýr eru ræktuð til nota við tilraunir;
- i) „*birgðastöð*“: stöð, þó ekki ræktunarstöð, þar sem dýr eru látin af hendi til nota við tilraunir;
- j) „*notkunarstöð*“: stöð þar sem dýr eru notuð við tilraunir;
- k) „*nægilega deyfður*“: sviptur skynhrifum með svæfingu eða staðbundinni deyfingu sem er jafnáhrifarík og það sem tíðkast samkvæmt góðum starfsvenjum við dýralækningar;
- l) „*mannúðleg aðferð við aflífun*“: dýrið er aflífað, með hliðsjón af tegund þess, á þann hátt að valdi sem minnst um líkamlegum og andlegum þjáningum.

### 3. gr.

Tilskipun þessi tekur til notkunar dýra við tilraunir sem gerðar eru með eitthvert eftirfarandi markmiða í huga:

- a) þróun, framleiðslu og prófanir á gæðum, skilvirkni og öryggi lyfja, matvæla og annarra efna eða vara:
  - i) til að koma í veg fyrir, fyrirbyggja, greina eða lækna sjúkdóma, vanheilsu eða önnur frábrigði eða áhrif þeirra á fólk, dýr eða jurtir,
  - ii) til að meta, greina, lagfæra eða breyta lífeðlisfræðilegu ástandi manna, dýra eða jurta;
- b) verndun eðlilegs umhverfis til góða fyrir heilbrigði og vellíðan manna og dýra.

### 4. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að bannað verði að nota við tilraunir dýr sem talin eru í útrýmingarhættu samkvæmt viðbæti I við samninginn um alþjóðaviðskipti með villt dýr og jurtir í útrýmingarhættu og I. hluta viðauka C við reglugerð (EBE) nr. 3626/82 <sup>(1)</sup>, nema tilraunir séu í samræmi við framangreinda reglugerð og gerðar vegna:

- rannsóknna til að stuðla að varðveislu viðkomandi tegundar, eða
- þýðingarmikilla líf- og lækni-fræðilegra markmiða þar sem viðkomandi dýrategund reynist í undantekningartilviki sú eina sem hentar.

### 5. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess, að því er almenna umhirðu og aðbúnað dýranna varðar, að:

- a) öll tilraunadýr séu höfð í húsnæði og umhverfi þar sem þau geta hreyft sig í einhverjum mæli að minnsta kosti og fá fóður, vatn og umhirðu sem tryggir heilsu þeirra og vellíðan;
- b) tilraunadýrin séu ekki of aðþrengd til að geta svalað lífeðlis- og atferlisfræðilegum frumþörfum sínum;
- c) daglega sé fylgst með þeim ytri skilyrðum sem dýrin eru ræktuð, geymd eða notuð við;
- d) þar til bær einstaklingur fylgist með vellíðan og heilsufari tilraunadýranna til að koma í veg fyrir sársauka eða óþarfa þjáningu, ótta eða varanlegt mein;
- e) gerðar séu ráðstafanir til að ráða bót á annmörkum sem í ljós koma eða þjáningum eins fljótt og unnt er.

Við framkvæmd ákvæða a- og b-liðar ber aðildarríkjunum að taka tillit til þeirra viðmiðunarreglna sem settar eru fram í II. viðauka.

### 6. gr.

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna yfirvald eða yfirvöld til að fylgjast með því að ákvæðum tilskipunar þessarar verði beitt á réttan hátt.

2. Við framkvæmd tilskipunar þessarar skulu aðildarríkin samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir svo að hið tilnefnda yfirvald sem um getur í l. mgr. geti ráðfært sig við sérfræðingna á viðkomandi sviði.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 384, 31. 12. 1982, bls. 1.

## 7. gr.

Tilraunir skulu einungis gerðar af til þess bærnum einstaklingum sem hafa leyfi til þess, eða undir umsjón þeirra, eða hafi leyfi fengist fyrir viðkomandi tilraun eða vísindaverkefni samkvæmt ákvæðum landslaga.

2. Ekki skal gera tilraun ef beita má annarri hagkvæmri og hentugri aðferð, sem fullnægir vísindalegum kröfum og útheimtir ekki notkun dýra, til að ná tilætluðum árangri.

3. Þegar ekki verður hjá því komist að gera tilraun skal íhuga vandlega hvaða dýrategund beri að velja og gera yfirvaldinu grein fyrir valinu eftir því sem þurfa þykir. Þegar tilraunamyndur er valið skal velja það sem útheimtir fæst dýr og dýr sem hafa sem minnst tauga- og lífeðlisfræðilegt næmi, veldur dýrunum sem minnstum sársauka, þjáningum, ótta eða varanlegu meini og er líklegast til að skila fullnægjandi árangri.

Ekki má gera tilraunir með dýr sem fönguð eru í náttúrunni nema notkun annarra dýra fullnægi ekki markmiðum tilraunarinnar.

4. Allar tilraunir skal skipuleggja á þann hátt að þær valdi dýrunum ekki óþarfa ótta, sársauka og þjáningu. Tilraunirnar heyra undir ákvæði 8. gr. Ávallt skal gera ráðstafanir þær sem mælt er fyrir um í 9. gr.

## 8. gr.

1. Allar tilraunir skulu gerðar með svæfingu eða staðbundinni deyfingu.

2. 1. mgr. hér að framan gildir ekki þegar:

- a) svæfing er talin vera dýrinu meira áfall en tilraunin sjálf;
- b) svæfing samrýmist ekki markmiði tilraunarinnar. Í því tilviki skal grípa til viðeigandi ráðstafana með lagasetningu og/eða stjórnslufyrirmælum til að þess háttar tilraunir séu ekki gerðar að óþörfu.

Nota ber svæfingu þegar um er að ræða alvarleg meiðsl sem geta valdið miklum sársauka.

3. Ef ekki er hægt að svæfa dýrið ber að nota deyfilyf eða aðrar viðeigandi aðferðir til að tryggja eins lítinn sársauka, þjáningar, ótta eða varanlegt mein og frekast er völ á og að dýrið sé ekki látið líða verulegan sársauka, ótta eða þjáningu.

4. Samrýmist það markmiði tilraunarinnar skal gefa dýri, sem hefur verið svæft en kvelst ákaflega þegar áhrif svæfingarinnar hverfa, verkjalyf í tæka tíð eða, ef það er ekki hægt, aflífa það strax á mannúðlegan hátt.

## 9. gr.

1. Í lok allra tilrauna skal tekin ákvörðun um hvort haldið skuli lífi í dýri eða það aflífað á mannúðlegan hátt, með þeim fyrirvara að dýrið verði ekki látið lifa ef ætla má að það haldi áfram að finna til sársauka og ótta þrátt fyrir að það hafi náð eðlilegri heilsu að öðru leyti.

2. Þar til bær einstaklingur, helst dýralæknir, skal taka ákvörðunina sem um getur í 1. mgr.

3. Ef við lok tilraunar:

- a) á að láta dýrið lifa skal það fá aðhlyningu sem hæfir heilsufari þess, það sett í umsjá dýralæknis eða annars þar til bærs einstaklings og búið að því samkvæmt kröfum þeim sem um getur í 5. gr. Þó er heimilt að víkja frá skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessum undirlíð ef dýralæknir telur að það muni ekki baka dýrinu þjáningu;
- b) á ekki að láta dýrið lifa eða það getur ekki notið góðs af ákvæðum 5. gr. að því er vellíðan þess varðar skal aflífa það á mannúðlegan hátt og svo fljótt sem kostur er.

## 10. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að séu dýrið notuð aftur við tilraunir samrýmist það ákvæðum tilskipunar þessarar.

Einkanlega má aðeins nota dýr í eitt skipti við tilraunir sem hafa í för með sér mikinn sársauka, ótta eða sambærilegar þjáningar.

## 11. gr.

Þrátt fyrir önnur ákvæði tilskipunar þessarar er yfirvaldinu heimilt að leyfa að viðkomandi dýri sé sleppt lausu ef markmið tilraunarinnar útheimtir það, að því tilskildu að yfirvaldið sé þess fullvisst að allt hafi verið gert til að tryggja vellíðan dýrsins, að heilsufar dýrsins leyfi það og öryggi manna og umhverfis sé ekki stofnað í hættu.

## 12. gr.

1. Samkvæmt málsmeðferð sem aðildarríkjunum ber að ákveða skal tilkynna yfirvaldinu fyrirfram um tilraunirnar eða veita því upplýsingar fyrirfram um þá sem stjórna þeim.

2. Þegar ráðgert er að nota dýr við tilraun sem veldur því eða kann að valda því langvarandi kvölum verður að senda sérstaka tilkynningu um tilraunina ásamt rökstuðningi til yfirvaldsins eða fá sérstakt leyfi þess fyrir henni. Yfirvaldinu ber að gera viðeigandi ráðstafanir á sviði réttarfars eða stjórnsýslu telji það að ekki hafi verið sýnt fram á að tilraunin sé nægilega mikilvæg til að uppfylla grundvallarþarfir manna eða dýra.

13. gr.

1. Yfirvöldum í hverju aðildarríki ber, á grundvelli umsóknna um leyfi og aðsendra tilkynninga og skýrslna, að safna saman og birta opinberlega með reglubundnu millibili, eftir því sem kostur er, tölfræðilegar upplýsingar um notkun dýra í tilraunaskyni að því er varðar:

- fjölda og tegundir dýra sem notuð eru við tilraunir;
- fjölda dýra, sem skipt hefur verið í flokka og eru notuð við tilraunir þær sem um getur í 3. grein;
- fjölda dýra, sem skipt hefur verið í flokka og eru notuð við lögboðnar tilraunir.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé með upplýsingar, er snerta viðskiptahagsmunum og veittar eru samkvæmt tilskipun þessari, sem trúnaðarmál.

14. gr.

Þeir sem gera tilraunir eða taka þátt í þeim og þeir sem hirða um dýr sem notuð eru við tilraunir, þar á meðal þeir sem annast umsjónarstörf, verða að hafa viðeigandi menntun og þjálfun.

Einkum verða þeir sem gera tilraunir eða hafa umsjón með þeim að hafa hlotið menntun í vísindagrein sem tengist þeirri tilraunastarfsemi sem fram fer og vera færir um að umgangast og annast tilraunadýr; þeir verða einnig að hafa sýnt yfirvaldinu fram á að þeir hafi öðlast næga þjálfun til að geta innt störf sín af hendi.

15. gr.

Ræktunar- og birgðastöðvar verða að fá samþykki eða skráningu hjá yfirvaldinu og standast kröfur þær sem gerðar eru í 5. og 14. gr. nema veitt hafi verið undanþága samkvæmt 4. mgr. 19. gr. eða 21. gr. Birgðastöðvar skulu einungis afla sér dýra frá ræktunarstöðvum eða öðrum birgðastöðvum nema dýrið hafi verið flutt inn á lögættan hátt og sé hvorki villt né flækingsdýr. Heimilt er að veita birgðastöð almenna eða sérstaka undanþágu frá síðastnefndu ákvæði samkvæmt ákvæðum sem yfirvaldið ákveður.

16. gr.

Við samþykki eða skráningu þá sem kveðið er á um í 15. gr. skal tiltaka þar til bærán einstakling sem er ábyrgur fyrir stöðinni og hefur með höndum eða hefur umsjón með viðhlítandi umhirðu dýranna sem eru ræktuð eða geymd í stöðinni og sér um að farið sé að þeim kröfum sem gerðar eru í 5. og 14. gr.

17. gr.

1. Ræktunar- og birgðastöðvar skulu skrá fjölda og tegundir dýra sem eru seld eða afhent, sölu- eða afhendingardag, nafn og pósthfang viðtakanda og fjölda og tegundir dýra sem deya í viðkomandi ræktunar- eða birgðastöð.

2. Hverju yfirvaldi ber að fyrirskipa hvers konar skrár sá sem er ábyrgur fyrir stöðvunum sem um getur í 1. mgr. skuli færa og hafa til reiðu fyrir það; skrár þessar skal geyma í þrjú ár hið minnsta frá þeim degi að telja er síðasta færsla var skráð og ber embættismönnum yfirvaldsins að skoða þær reglubundið.

18. gr.

1. Hver hundur, köttur eða prímati (annar en maður) í ræktunar-, birgða- eða notkunarstöð skal merktur sérstaklega og á sem sársaukaminnstan hátt áður en hann er vaninn undan nema í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr.

2. Þegar komið er með ómerktan hund, kött eða prímata (annan en mann) til stöðvar í fyrsta sinn eftir að hann hefur verið vaninn undan skal merkja hann eins fljótt og unnt er.

3. Þegar hundur, köttur eða prímati (annar en maður) er fluttur frá stöð sem um getur í 1. mgr. til annarrar stöðvar áður en hann er vaninn undan, og ekki er hagkvæmt að merkja hann áður, verður viðtökustöðin að halda fullkomna skrá uns hann er merktur, einkanlega um móðerni hans.

4. Upplýsingar um auðkenni og uppruna hvers hunds, kattar eða prímata (annars en manns) skulu færðar í skrár hvernar stöðvar.

19. gr.

1. Notkunarstöðvar skulu skráðar hjá yfirvöldum eða hljóta samþykki þeirra. Gera skal ráðstafanir til að notkunarstöðvar hafi yfir að ráða aðstöðu og búnaði sem hentar þeim dýrategundum sem notaðar eru og við framkvæmd þeirra tilrauna sem þar fara fram; aðstöðu og búnað skal hanna, smíða og starfrækja þannig að tryggt sé að tilraunirnar verði

eins árangursríkar og framast er unnt í því skyni að fá fram samkvæmar niðurstöður með lágmarksfjölda dýra og sem minnstum sársauka, þjáningum, ótta eða varanlegu meini.

2. Í hverri notkunarstöð skal:

- tilgreina þann eða þá sem stjórna umhirðu dýranna og rekstri búnaðar;
- sjá fyrir nægum fjölda þjálfaðs starfsfólks;
- gera viðhlítandi ráðstafanir er varða ráðgjöf og meðferð hjá dýralækni;
- fá dýralækni eða öðrum til þess bærum einstaklingi það hlutverk að veita ráðgjöf um vellíðan dýranna.

3. Heimilt er að gera tilraunir utan notkunarstöðva með leyfi yfirvaldsins.

4. Í notkunarstöðvum skal aðeins nota dýr frá ræktunar- eða birgðastöðvum nema fengist hafi almenn eða sérstök undanþága samkvæmt ákvæðum sem yfirvaldið setur. Nota skal ræktuð dýr þegar því verður við komið. Ekki skal nota villt húsdýr við tilraunir. Almenn undanþága samkvæmt ákvæðum þessa málsgreinar má ekki ná til flækingshunda og -katta.

5. Í notkunarstöðvum skal færa skrár um öll dýr sem notuð eru og leggja þær fram fari yfirvaldið þess á leit. Skrár þessar skulu einkum sýna fjölda og tegundir allra dýra sem stöðin hefur fengið, hvaðan þau eru fengin og komudag þeirra. Skrár þessar ber að geyma í þrjú ár hið minnsta og afhenda yfirvaldinu ef það fer þess á leit. Fulltrúar yfirvaldsins skulu skoða notkunarstöðvarnar reglulega.

20. gr.

Þegar dýr eru ræktuð í notkunarstöð til nota við tilraunir í notkunarstöðinni sjálfri þarf aðeins eina skráningu eða eitt samþykki samkvæmt 15. og 19. gr. Stöðvarnar skulu þó fullnægja ákvæðum tilskipunar þessarar er lúta að ræktunar- og notkunarstöðvum.

21. gr.

Þegar nota skal dýr af þeim tegundum sem skráðar eru í I. viðauka í tilraunaskyni skulu það vera ræktuð dýr nema veitt hafi verið almenn eða sérstök undanþága í samræmi við ákvæði sem yfirvaldið setur.

22. gr.

1. Til að forðast óþarfar endurtekningar tilrauna í því skyni að fullnægja heilbrigðis- eða tryggingalöggjöf aðild-

arríkjanna eða bandalagsins skulu aðildarríkin viðurkenna gildi gagna sem fengin eru með tilraunum sem gerðar hafa verið í öðru aðildarríki, að svo miklu leyti sem það er unnt, nema nauðsynlegt sé að gera fleiri prófanir til að tryggja almannaheilbrigði og -öryggi.

2. Í þessu skyni skulu aðildarríkin, þar sem því verður við komið og með fyrirvara um kröfur sem gerðar eru í gildandi tilskipunum bandalagsins, veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um löggjöf sína og stjórnsýsluvenjur að því er varðar tilraunir með dýr, þar með talið kröfur sem fullnægja þarf áður en vörur eru settar á markað; þau skulu einnig veita nákvæmar upplýsingar um tilraunir sem fara fram innan yfirráðasvæðis þeirra og um leyfi eða aðrar stjórnsýsluupplýsingar er varða þessar tilraunir.

3. Framkvæmdastjórnin stofnar fasta ráðgjafarnefnd sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna og aðstoðar framkvæmdastjórnina við að skipuleggja skipti á viðeigandi upplýsingum, en virðir um leið kröfur um trúnað, og aðstoðar framkvæmdastjórnina einnig í öðrum málum er varða beitingu tilskipunar þessarar.

23. gr.

1. Framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum ber að hvetja til rannsókna í því skyni að þróa og staðfesta nýja tækni sem geti veitt jafnvíðtækar upplýsingar og niðurstöður úr tilraunum þar sem dýr eru notuð, en krefjast færri dýra eða sársaukaminni aðferða, og gera aðrar þær ráðstafanir sem þau telja viðeigandi til að hvetja til rannsókna á þessu sviði. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin fylgjast með þróun í tilraunaaðferðum.

2. Framkvæmdastjórnin leggur fram skýrslu fyrir árslok 1987 um möguleika á því að breyta þeim prófum og viðmiðunarreglum sem mælt er fyrir um í núgildandi löggjöf bandalagsins með hliðsjón af þeim markmiðum sem um getur í 1. mgr.

24. gr.

Tilskipun þessi takmarkar ekki rétt aðildarríkjanna til að beita eða samþykkja strangari ráðstafanir um verndun dýra sem notuð eru í tilraunaskyni eða eftirlit með og takmörkun á notkun dýra við tilraunir. Einkum er aðildarríkjunum heimilt að fara fram á leyfi áður en hafist er handa við tilraunir eða verkáætlanir sem tilkynnt er um í samræmi við ákvæði 1. mgr. 12. gr.

25. gr.

1. Aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari fyrir 24. nóvember 1989. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

26. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni reglu-lega, minnst á þriggja ára fresti og í fyrsta sinn fimm árum eftir birtingu þessarar tilskipunar, um ráðstafanir sem gerðar hafa verið á þessu sviði og leggja fram viðeigandi yfirlit yfir þær upplýsingar sem safnað hefur verið samkvæmt ákvæð-um 13. gr. Framkvæmdastjórnin undirbýr skýrslu fyrir ráðið og Evrópuþingið.

27. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. nóvember 1986.

Fyrir hönd ráðsins,

W. WALDEGRAVE

forseti.

---

I. VIÐAUKI

SKRÁ UM TILRAUNADÝR SEM FALLA UNDIR ÁKVÆÐI 21. GR.

— Mýs	— <i>Mus musculus</i>
— Rottur	— <i>Rattus norvegicus</i>
— Marsvín	— <i>Cavia porcellus</i>
— Gullhamstrar	— <i>Mesocricetus auratus</i>
— Kanínur	— <i>Oryctolagus cuniculus</i>
— Prímatar (aðrir en menn)	
— Hundar	— <i>Canis familiaris</i>
— Kettir	— <i>Felis catus</i>
— Kornhænur	— <i>Coturnix coturnix</i>

---

## II. VIÐAUKI

## VIÐMIÐUNARREGLUR UM AÐBÚNAÐ DÝRA OG UMHIRÐU

(5. gr. tilskipunarinnar)

## INNGANGUR

1. Ráð Efnahagsbandalags Evrópu hefur samþykkt að markmiðið með tilskipun þessari sé að samhæfa lög aðildarríkjanna um verndun dýra sem eru notuð í tilrauna- og vísindaskyni til að eyða misræmi því sem nú kann að hafa áhrif á starfsemi hins sameiginlega markaðar. Með samþæfingunni ber að tryggja að dýr þessi hljóti viðunandi umhirðu og þurfi ekki að þola sársauka, þjáningar, ótta eða varanlegt mein að óþörfu eða í sem minnstum mæli verði ekki hjá því komist.
2. Að vísu fara ákveðnar tilraunir með frjáls og villt dýr, sem afla sér fæðu sjálf, fram í náttúrulegu umhverfi en þess háttar tilraunir eru tiltölulega fátíðar. Af hagkvæmnisástæðum verður að loka langsterstan hluta dýra sem notuð eru við tilraunir að einhverju leyti af við aðstæður sem spanna allt frá girðingum úti undir beru lofti til búra fyrir lítil dýr í sérstökum byggingum fyrir tilraunadýr. Hér er um stríðandi hagsmuni að tefla. Annars vegar er dýrið, en takmarka verður þörf þess fyrir hreyfingu, félagsskap og önnur lífsmerki, hins vegar er sá sem gerir tilraunina og aðstoðarmenn hans sem krefjast algjörra yfirráða yfir dýrinu og umhverfi þess. Hér verða hagsmunir dýrsins stundum að vika.
3. Í 5. gr. tilskipunarinnar er því kveðið á um: „að því er almenna umhirðu og aðbúnað dýranna varðar, að:
  - a) öll tilraunadýr séu höfð í húsnæði og umhverfi þar sem þau geta hreyft sig í einhverjum mæli að minnsta kosti og fá fóður, vatn og umhirðu sem tryggir heilsu þeirra og vellíðan;
  - b) tilraunadýrin séu ekki of aðþrengd til að geta svalað lífeðlis- og atferlisfræðilegum frumþörfum sínum;
4. Í viðauka þessum eru settar fram ákveðnar viðmiðunarreglur sem byggjast á núverandi þekkingu og venjum í sambandi við aðbúnað og umhirðu dýra. Grundvallarreglurnar sem settar eru fram í 5. gr. eru skýrðar og aukið við þær. Markmiðið er að aðstoða yfirvöld, stofnanir og einstaklinga á þennan hátt við að framfylgja markmiðum tilskipunarinnar í þessum málum.
5. Hugtakið umhirða er orð sem nær til allra þátta í samskiptum dýra og manna þegar það er notað í tengslum við dýr sem stendur til að nota eða verið er að nota við tilraunir. Það merkir öll þau ráð, jafnt efniskennnd sem óefniskennnd, sem menn hafa til að afla sér dýrs og geyma það í því líkamlega og andlega ástandi þar sem það þjáist sem minnst og tilraunin verði því eins bærileg og unnt er. Umhirða hefst á þeirri stundu sem ákveðið er að nota dýrið við tilraunir og heldur áfram þar til stöðin lætur deyða það á mannúðlegan hátt eða losar sig við það á annan hátt að tilraun lokinni í samræmi við 9. gr. tilskipunarinnar.
6. Tilgangurinn með viðauka þessum er að gefa ráð um skipulag hentugra vistarvera fyrir dýr. Margar aðferðir eru þó til við að rækta og geyma tilraunadýr og munurinn á þeim felst einkum í því hversu vel er fylgst með hinu örverufræðilega umhverfi. Hafa ber í huga að starfsfólkið, sem hlut á að máli, verður stundum að dæma eftir skapgerð og ástandi dýranna hvenær ráðlagt rými er ekki fullnægjandi, einkum þegar um sérlega árásgjörtn dýr er að ræða. Þegar beitt er viðmiðunarreglunum sem lýst er í þessum viðauka ber að taka mið af aðstæðum hverju sinni. Enn fremur er nauðsynlegt að skýra hvaða hlutverki þessar viðmiðunarreglur gegna. Þær eru ekki lögboðnar eins og ákvæði tilskipunarinnar sjálfra; þær eru ráðleggingar sem nota ber með skynsemi, ætlaðar sem leiðbeiningar um starfshætti og mælikvarða sem allir hlutaðeigandi ættu að leitast við að fylgja samviskusamlega. Því hefur reynst nauðsynlegt að nota orðin „ber, ætti eða rétt er“ í textanum jafnvel þar sem orðið „verður“ kynni að virðast eiga betur við. Til dæmis er augljóst að sjá *verður* fyrir fódri og vatni (sbr. 3.7.2 og 3.8).
7. Að lokum ætti, af hagkvæmnis- og fjárhagslegum ástæðum, ekki að vera þörf á að endurnýja þann búnað sem fyrir er í vistarverum dýra fyrr en hann er úr sér genginn eða orðinn gagnslaus á annan hátt. Þar til skipt er á honum og búnaði sem er í samræmi við þessar viðmiðunarreglur ber að leitast við eftir fremsta megni að fara að reglunum með því að haga fjölda og stærð dýra í þeim búrum og stíum sem fyrir eru eftir þeim.

## SKILGREININGAR

Í viðauka þessum, og til viðbótar við skilgreiningar í 2. gr. tilskipunarinnar, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) *dýrahús*: rými þar sem dýrin eru venjulega hýst, annaðhvort til ræktunar eða geymslu eða meðan á tilraun stendur;
- b) *búr*: geymslustaður, fastur eða flytjanlegur, með heilum veggjum og rimlum eða vírneti á einni hlið að minnsta kosti eða annars konar neti, eftir því sem við á, sem notaður er til að geyma eða flytja í eitt eða fleiri dýr; svigrúm dýranna til hreyfinga er tiltölulega takmarkað og háð fjölda þeirra og stærð geymslustaðarinnar;
- c) *stúa*: afmarkað rými, til dæmis með veggjum, rimlum eða vírneti, þar sem eitt eða fleiri dýr eru geymd; svigrúm dýranna til hreyfinga er háð fjölda þeirra og stærð lokaða rýmisins og venjulega ekki eins takmarkað og í búi;
- d) *girðing*: afmarkað svæði, til dæmis með girðingum, veggjum, rimlum eða vírneti og oft staðsett fyrir utan hús þar sem dýr, sem eru geymd í búrum eða stúum, geta athafnað sig að vild í ákveðinn tíma í samræmi við atferlis- og lífeðlisfræðilegar þarfir sínar, svo sem hreyfiförf;
- e) *bás*: lítið lokað rými með þremur veggjum, venjulega með fódurstokki og skilveggjum til hliðanna, þar sem hægt er að tjóðra eitt eða fleiri dýr.

## 1. YTRI AÐBÚNAÐUR

### 1.1. Hlutverk og almenn hönnun

- 1.1.1. Allar vistarverur ætti að hanna þannig að þær séu heppilegt umhverfi fyrir dýrategundirnar sem þar eru hýstar. Þær ætti einnig að hanna þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

Einnig ætti að verja vistarverur sem eru hluti af stærri heild með því að byggja þær þannig og skipuleggja að fjöldi innganga sé takmarkaður og komið sé í veg fyrir óviðkomandi umgang.

- 1.1.2. Mælt er með reglubundnu viðhaldi vistarveranna til að koma í veg fyrir að búnaður gefi sig á einhvern hátt.

### 1.2. Dýrahús

- 1.2.1. Gera ætti allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að húsin séu þrífir vandlega með reglulegu millibili og hreinlæti sé á viðunandi stigi. Loft og veggir ættu að þola vel álag og vera með sléttu, þéttu yfirborði sem auðvelt er að þvo. Sérstakan gaum ætti að gefa samskeytum við dýr, leiðslur, rör og kapla. Dyr og glugga, ef um slíkt er að ræða, ætti að smíða þannig eða verja að óæskileg dýr komist ekki inn. Setja má gægjuglugga í hurðina ef það hentar. Gólf ættu að vera slétt, þétt og með stömu yfirborði sem auðvelt er að þvo og ættu að geta borið fódurstokka og annan búnað án þess að skemmast. Ef niðurföll eru í gólfum ætti að hylja þau á viðhlítandi hátt og girða um þau þannig að dýrin komist ekki að þeim.

- 1.2.2. Í húsum þar sem dýrum er leyft að hlaupa um að vild ættu að vera veggir og gólf með sérlega sterku yfirborði sem þolir hið mikla álag sem dýrin og hreingerningarnar valda. Efnid ætti hvorki að vera heilsuspillandi fyrir dýrin né þannig að þau geti meitt sig. Æskilegt er að niðurföll séu í þessum húsum. Lausar og fastar innréttingar verður að verja sérstaklega til að dýrin skemmi þær ekki eða slasi sig á þeim. Á svæðum utandyra þar sem dýrin geta hreyft sig ætti að gera ráðstafanir, eftir því sem við á, til að koma í veg fyrir að aðgang óviðkomandi manna og dýra.

- 1.2.3. Hús sem ætluð eru fyrir búfénað (nautgripi, kindur, geitur, svín, hesta, alifugla o.s.frv.) ættu að minnsta kosti að fullnægja stöðlum þeim sem Evrópusamningurinn um vernd dýra í landbúnaði og innlend dýra-læknisyfirvöld og önnur yfirvöld mæla fyrir um.

- 1.2.4. Venjulega eru flest dýrahús hönnuð fyrir nagdýr. Oft má nota slík hús til að hýsa stærri dýrategundir. Rétt er að gæta þess að hýsa ekki saman dýrategundir sem eiga ekki saman.

- 1.2.5. Dýrahús ætti að búa þannig að þar sé aðstaða til að framkvæma minni háttar tilraunir og meðhöndlun eftir því sem við á.

**1.3. Rannsóknarstofur og almennar og sérhæfðar tilraunastofur**

- 1.3.1. Í ræktunar- og tilraunastöðvum ætti að sjá fyrir viðeigandi aðstöðu til að búa dýr til sendingar.
- 1.3.2. Allar stöðvar ættu líka að hafa yfir að ráða lágmarksaðstöðu til rannsókna þar sem hægt er að gera einföld sjúkdómsgreiningarpróf, krufningar og/eða safna sýnum til að senda í nákvæmari rannsóknir annars staðar.
- 1.3.3. Rétt er að gæta þess að tekið sé á móti dýrum á þann veg að dýr sem koma inn stofni ekki þeim dýrum sem fyrir eru í vistarverunum í hættu, til dæmis með því að setja þau fyrnefndu í sóttkví. Sjá ætti fyrir almennum og sérhæfðum tilraunastofum þegar ekki er æskilegt að gera tilraunirnar eða fylgjast með dýrunum í dýrahúsunum.
- 1.3.4. Rými ætti að vera nægilegt til að hægt sé að vista veik eða meidd dýr sér.
- 1.3.5. Þar sem við á ætti að sjá fyrir einni eða fleiri aðskildum skurðstofum sem eru búnað til tilrauna sem krefjast skurðaðgerða í dauðhreinsuðu umhverfi. Þar sem þörf er á ætti að vera aðstaða þar sem dýrin geta náð sér eftir aðgerðir.

**1.4. Þjónustuhúsnæði**

- 1.4.1. Matargeymslur ættu að vera kaldar, þurrar og varðar gegn mein- og skordýrum og bæli þurr og varið fyrir mein- og skordýrum. Önnur efni, sem kunna að vera menguð eða hættuleg, ætti að geyma sér.
- 1.4.2. Geymslur fyrir hrein búr, verkfæri og annan búnað ættu að vera fyrir hendi.
- 1.4.3. Hreingerningar- og þvottaherbergi ætti að vera nógu stórt til að rúma nauðsynleg tæki til að afmenga og þrifa notaðan búnað. Hreingerningarnar ætti að skipuleggja þannig að skilið sé á milli hreins og óhreins búnaðar til að koma í veg fyrir að nýhreinsaður búnaður mengist. Veggir og gólf ættu að vera þakin nægilega sterku efni og loftræstingarkerfið fært um að draga úr of miklum hita og raka.
- 1.4.4. Við geymslu og förgun skrokka og skepnuúrgangs ætti að hafa hollustuhætti í huga. Ef aðstaða til brennslu er ekki fyrir hendi ætti að gera viðhlítandi ráðstafanir til að farga þessu efni á öruggan hátt og hafa hliðsjón af ákvæðum og samþykktum sem í gildi eru á viðkomandi svæði. Þegar um er að ræða mjög eittraðan eða geislavirkan úrgang ætti að gera sérstakar varúðarráðstafanir.
- 1.4.5. Hönnun og bygging svæða sem eru göngurými ætti að uppfylla sömu staðla og dýrahúsin. Gangar ættu að vera nógu breiðir til að auðvelt sé að flytja hreyfanlegan búnað um þá.

**2. UMHVERFI Í DÝRAHÚSUNUM OG EFTIRLIT MEÐ ÞVÍ****2.1. Loftræsting**

- 2.1.1. Dýrahús ættu að vera búin viðhlítandi loftræstingarkerfi sem ætti að fullnægja þörfum þeirra dýrategunda sem þar eru hýst. Markmiðið með loftræstingarkerfinu er að sjá fyrir fersku lofti og draga úr óþef, eitruðum lofttegundum, ryki og hvers kyns sýkingarvöldum. Loftræstingarkerfið sér líka um að halda niðri of miklum hita og raka.
- 2.1.2. Loftið í húsinu ætti að endurnýja með stuttu millibili. Venjulega nægir að skipta 15–20 sinnum um loft á klukkustund. Í sumum tilvikum, þar sem rúmt er um dýrin, nægir þó ef til vill að skipta 8–10 sinnum um loft á klukkustund eða loftræstingarkerfi kann að reynast óþarft. Í öðrum tilvikum er ef til vill nauðsynlegt að skipta mun oftar um loft. Fordást skal að endurnota óhreinsað loft. Það er þó rétt að leggja áherslu á að hversu gott sem kerfið er getur það ekki bætt upp ónóga hreingerningu að staðaldri eða vanrækslu.
- 2.1.3. Loftræstingarkerfið ætti að hanna þannig að ekki myndist skaðlegur dragsúgur.
- 2.1.4. Banna ætti reykingar í húsnæði þar sem dýr eru.

**2.2. Hitastig**

- 2.2.1. Mælt er með því að hitastigi sé haldið innan þeirra marka sem gefin eru upp í töflu 1. Taka ber fram að tölurnar eiga aðeins við um fullorðin, eðlileg dýr. Nýfædd dýr og ungvíði þurfa oft miklu hærri hitastig.

Hitastig í húsnæðinu ber að stilla í samræmi við hugsanlegar breytingar á líkamshita dýranna sem getu verið afleiðing af sérstöku lífeðlisfræðilegu ástandi eða áhrifum tilraunarinnar.

2.2.2. Í loftslagi því sem er ríkjandi í Evrópu kann að reynast nauðsynlegt að hafa loftræstingarkerfi sem getur ýmist hitað eða kælt loftið sem það flytur.

2.2.3. Í notkunarstöðvum kann að vera nauðsynlegt að hafa nákvæma stjórn á hitanum í dýrahúsunum þar eð hiti umhverfisins hefur mikil áhrif á efnaskipti allra dýra.

### 2.3. Raki

Miklar breytingar á rakastigi geta haft slæm áhrif á heilsu og vellíðan dýranna. Því er mælt með því að rakastig í dýrahúsum miðist við viðkomandi dýrategundir og ætti við venjulegar aðstæður að vera  $55\% \pm 10\%$ . Forðast ætti rakastig undir 40% og yfir 70% í langan tíma.

### 2.4. Lýsing

Í gluggalausú húsnæði er nauðsynlegt að hafa stjórn á lýsingu sem uppfyllir bæði líffræðilegar þarfir dýranna og kröfur um viðunandi vinnuumhverfi. Einnig er nauðsynlegt að hafa stjórn á styrkleika og skiptum ljóss og myrkurs. Sé um albínóa að ræða ætti að taka tillit til þess hversu viðkvæmir þeir eru fyrir birtu (sjá einnig 2.6.).

### 2.5. Hávaði

Hávaði í vistarverum dýranna getur verið mjög truflandi. Dýrahús og tilraunastofur ætti að einangra gegn hávaðagjafa á tíðni sem heyrir og hærra tíðni til að forðast truflun á hegðun og líkamsstarfsemi dýranna. Skyndilegur hávaði getur valdið verulegum breytingum á líffærastarfsemi en þar sem slíkur hávaði er oft óhjákvæmilegur er stundum ráðlegt að hafa stöðugan og ekki of mikinn hávaða, svo sem lágværa tónlist, í dýrahúsum og tilraunastofum.

### 2.6. Viðvörðunarkerfi

Í vistarverum þar sem mikill fjöldi dýra er hýstur er margt að varast. Því er mælt með því að vistarverurnar séu tilhlýðilega varðar með reykskynjurum og tækjum til að fylgjast með umgangi óviðkomandi manna. Tæknilegir gallar eða bilun í loftræstingarkerfi er önnur hættu sem gæti valdið ótta hjá dýrunum og jafnvel dauða af völdum köfnunar og ofhitunar eða, í vægari tilvikum, haft svo neikvæð áhrif á tilraun að hún mistakist og það verði að endurtaka hana. Því ætti að koma fyrir viðunandi tækjum í tengslum við hita- og loftræstingarkerfið til að starfsfólkið geti fylgst með gangi kerfisins almennt. Ef þurfa þykir ætti að hafa vararafstöð til að búnaður sem heldur lífi í dýrum og raflýsing stöðvist ekki þótt rafmagn fari af vegna bilunar eða lokunar. Koma ætti fyrir skýrum leiðbeiningum um neyðarráðstafanir á áberandi stað. Mælt er með viðvörðunarkerfi fyrir fiskabúr ef vatn skyldi fara af. Rétt er að gæta þess að dýrin verði fyrir sem minnstum truflunum þegar viðvörðunarkerfi fara í gang.

## 3. UMHIRÐA

### 3.1. Heilsa

3.1.1. Yfirmaður stöðvarinnar ætti að sjá til þess að dýralæknir eða annar þar til bær einstaklingur skoði dýrin reglulega og hafi umsjón með aðbúnaði og umhirðu þeirra.

3.1.2. Rétt er að fylgjast eftir atvikum með heilsu og hollustuháttum starfsfólksins til að það stofni ekki heilsu dýranna í hættu.

### 3.2. Dýr fönguð

Aðeins reyndir menn sem þekkja náið venjur og umhverfi dýra ættu að fanga villt dýr og flækingsdýr og aðeins með mannúðlegum aðferðum. Ef notað er svæfingarlyf eða annað lyf þegar dýrin eru fönguð ætti dýralæknir eða annar þar til bær einstaklingur að gefa það. Dýr sem er alvarlega sært ætti að komast sem fyrst undir hendur dýralæknis. Ef dýrið mun halda áfram að þjást eða kveljast að álitu dýralæknisins ber að aflífa það strax á mannúðlegan hátt. Ef enginn dýralæknir er til staðar ætti strax að aflífa á mannúðlegan hátt hvert það dýr sem kann að vera hættulega sært.

### 3.3. Pökkun og flutningar

Ekki er að efa að allur flutningur dýra er þeim erfiður og ætti að gera þeim hann eins léttbæran og hægt er. Dýr þurfa að vera við góða heilsu þegar þau eru flutt og er sendanda skylt að sjá til þess. Aldrei ætti að senda dýr sem eru veik eða illa á sig komin á annan hátt nema það sé nauðsynlegt vegna læknismeðferðar eða sjúkdómsgreiningar. Sérstaka gætni ætti að sýna þegar um er að ræða kvendýr sem eru langt gengin með. Hvorki ætti að flytja kvendýr, sem líklegt er að beri meðan á flutningi stendur eða hafa borið skemur en tveimur sólarhringum fyrir flutning, né afkvæmi þeirra. Sendandi og flytjandi ættu að gera allar tiltækar varúðarráðstafanir við pökkun, hleðslu og flutning til að koma í veg fyrir þjáningar að nauðsynjalausu vegna ónógrar loftræstingar, of mikils hita eða kulda, skorts á fóðri og vatni, langvarandi tafa o.s.frv. Viðtakandi þarf að fá réttar upplýsingar um atriði varðandi flutninginn og gögn og heimildir til að tryggja skjóta afgreiðslu og móttöku á komustað. Vakin er athygli á að tilskipanir 77/489/EBE og 81/389/EBE gilda að því er varðar flutninga dýra milli landa. Einnig er mælt með því að farið sé nákvæmlega eftir innlendum lögum og reglugerðum svo og reglugerðum IATA („International Air Transport Association“) og AATA („Animal Air Transport Association“) um flutning lifandi dýra.

### 3.4. Tekið á móti dýrunum og þeim hleypt út

Taka ber á móti sendingum á dýrum og hleypa þeim út án tafar. Þegar dýrin hafa verið skoðuð ætti að flytja þau í hrein búr eða stíur og gefa þeim og brynna eftir því sem við á. Vandlega ætti að fylgjast með dýrum sem eru veik eða illa á sig komin á annan hátt og skilja þau frá öðrum dýrum. Dýralæknir eða annar þar til bær einstaklingur ætti að skoða þau við fyrsta tækifæri og veita þeim læknismeðferð ef þurfa þykir. Dýr sem eiga enga möguleika á bata ætti að aflífa strax á mannúðlegan hátt. Að lokum verður að skrá og merkja öll dýr, sem tekið er á móti, í samræmi við ákvæði 17., 18. og 5. mgr. 19. gr. í tilskipuninni. Flutningskassa ætti að eyðileggja tafarlaust ef ekki er hægt að hreinsa þá af allri mengun.

### 3.5. Sóttkví, einangrun og aðlögun

#### 3.5.1. Markmiðið með sóttkví er að:

- a) vernda önnur dýr í stöðinni,
- b) vernda fólk gegn dýrasjúkdómum sem geta lagst á menn,
- c) efla góða vísindalega starfshætti.

Mælt er með því að dýr sem koma í stöð séu sett í sóttkví um tíma nema heilsa þeirra sé fullnægjandi. Í sumum tilvikum, til dæmis vegna hundaæðis, kann að vera kveðið á um lengd sóttkvíunar í reglugerðum aðildarríkjanna. Í öðrum tilvikum er þetta breytilegt og þá ætti þar til bær einstaklingur að taka ákvörðun eftir því sem við á, oftast nær dýralæknirinn sem stöðin hefur tilneft (sjá einnig töflu 2).

Heimilt er að nota dýr við tilraunir á meðan þau eru í sóttkví ef þau hafa lagað sig að hinu nýja umhverfi og stofna hvorki öðrum dýrum né mönnum í verulega hættu.

#### 3.5.2. Mælt er með því að fyrir hendi sé aðstaða þar sem hægt er að einangra dýr sem sýna merki um veikindi eða grunur leikur á að séu veik og geti stofnað heilsu manna eða annarra dýra í hættu.

#### 3.5.3. Þótt dýr kunni að virðast við góða heilsu er skynsamlegt að gefa þeim tíma til að laga sig að aðstæðum áður en þau eru notuð við tilraunir. Aðlögunartíminn er undir ýmsu kominn, svo sem því álagi sem dýrin hafa orðið fyrir en álagið er aftur undir flutningstímanum og aldri dýrsins komið. Þar til bær einstaklingur skal ákveða þennan tíma.

### 3.6. Dýrin sett í búr

#### 3.6.1. Greina má á milli tveggja megináferða við að hýsa dýr.

Önnur áferðin er notuð á sviði líf- og læknisfræði í ræktunar-, birgða- og notkunarstöðvum sem hannaðar eru fyrir dýr eins og nagdýr, kanínur, rándýr, fugla og prímata (aðra en menn), stundum einnig jörturdýr, svín og hesta. Í töflum 3 til 13 eru settar fram viðmiðunarreglur um búr, stíur, girðingar og bása sem henta í þessum vistarverum. Þessu til viðbótar eru leiðbeiningar um lágmarksstærð búra á myndum 1 til 7. Enn fremur eru samsvarandi leiðbeiningar á myndum 8 til 12 um það hversu rúmt skuli vera um dýrin.

Seinni aðferðin er oft notuð í stöðvum sem gera eingöngu tilraunir með búpening eða önnur álíka stór dýr. Búnaður í slíkum stöðvum ætti ekki að vera minni en krafist er samkvæmt gildandi stöðlum um dýralækningar.

- 3.6.2. Búr og stúur ættu ekki að vera úr efni sem gæti reynst hættulegt heilsu dýranna, þau ættu að vera þannig úr garði gerð að dýrin geti ekki slasað sig og, nema einnota búr og stúur, úr sterku efni sem auðvelt er að þrifa og hreinsa af allri mengun. Einkum ber að gefa gaum hönnun gólfa í búrum og stúum þar eð þau ættu að vera breytileg eftir tegund og aldri dýranna og hönnuð þannig að auðvelt sé að fjarlægja saur.
- 3.6.3. Stúur ætti að hanna með vellíðan dýrategundarinnar í huga. Í þeim ættu dýrin að geta fullnægt ákveðnum atferliþörfum (til dæmis þörfinni á að klifra, fela sig eða leita skjóls um tíma) og þær ættu að vera þannig útbúnar að auðvelt sé að hreinsa þær vel og koma í veg fyrir snertingu við önnur dýr.

### 3.7. Fóðurgjöf

- 3.7.1. Við val, framleiðslu og blöndun fóðurs ætti að gera varúðarráðstafanir til að kom í veg fyrir efnis-, eðlis- eða örverufræðilega mengun. Fóðrinu ætti að pakka í þétta, lokaða sekki sem stimplaðir eru með framleiðsludegi eftir því sem við á. Þökkun, flutningum og geymslu ætti einnig að haga á þann veg að komist verði hjá mengun, rýrnun eða skemmdum. Geymslur ættu að vera kaldar, dimmar, þurrar og lausar við mein- og skordýr. Fóður sem skemmist fljótt, svo sem grængresi, grænmeti, ávextir, kjöt, fiskur o.s.frv., ætti að geyma í köldum geymslum, kæli eða frysti.

Öll fóðurlát, trog eða önnur tæki til fóðrunar ætti að þrifa reglulega og sæfa ef þörf krefur. Ef notað er rakt fóður eða fóðrið blandast auðveldlega vatni, þvagi o.s.frv. er nauðsynlegt að þrifa daglega.

- 3.7.2. Fóðurgjöf getur verið breytileg eftir dýrategundum en ætti að fullnægja lífeðlisfræðilegum þörfum (líkamspörfum). Gera ætti ráðstafanir til þess að öll dýr komist að fóðrinu.

### 3.8. Vatn

- 3.8.1. Öll dýr þurfa ávallt að hafa aðgang að ómengduðu drykkjarvatni. Meðan á flutningi stendur má gefa vatnið sem hluta af röku fóðri. En vatn er gróðrarstía fyrir örverur og því ætti að gefa vatnið á þann veg sem felur í sér minnsta hættu fyrir heilsu dýranna. Tvær aðferðir eru algengar, flöskugjöf og sjálfvirk brynningarkerfi.
- 3.8.2. Flöskur eru oft notaðir handa litlum dýrum, svo sem nagdýrum og kaninum. Ef þær eru notaðar ættu þær að vera úr gagnsæju efni til að hægt sé að fylgjast með innihaldi þeirra. Þær ættu að vera með stóru opi til að auðveldara verði að þrifa þær vel og ekki brothættar séu þær úr plasti. Einnig ætti að vera auðvelt að sæfa og hreinsa tappa, loka og pípur. Allar flöskur og fylgihluti þeirra ætti að taka í sundur, hreinsa og sæfa með eðlilegu og reglubundnu millibili. Æskilegt er að í hver sinn sé skipt á flöskunum fyrir hreinar og sæfðar flöskur í stað þess að fylla á þær í dýrahúsunum.
- 3.8.3. Hafa ætti reglubundið eftirlit með sjálfvirkum brynningarkerfum, halda þeim við og skola þau til að komist verði hjá slysum og útbreiðslu sýkingar. Ef notuð eru búr með heilum gólfum ætti að sjá til þess að sem minnst hætta sé á að flæði yfir þau. Einnig er nauðsynlegt að bakteríuprófa kerfin reglubundið til að fylgjast með gæðum vatnsins.
- 3.8.4. Vatn frá almennum vatnsveitum inniheldur ákveðnar örverur sem eru venjulega taldar meinlausar nema um sé að ræða örverufræðilega skilgreind dýr. Í þeim tilvikum verður að meðhöndla vatnið. Venjulega er sett klór í vatn frá almennum vatnsveitum til að koma í veg fyrir fjölgun örvera. En klórið dugir ekki alltaf til að koma í veg fyrir ákveðna hugsanlega sjúkdómsvalda eins og til dæmis „Pseudomonas“. Því ætti að auka klórinnihald vatnsins til varúðar eða sýra það til að ná þeim áhrifum sem sóst er eftir.
- 3.8.5. Mikill munur er á því hjá fiskum, froskdýrum og skriðdýrum hversu vel mismunandi tegundir þola sýrur, klór og ýmis önnur efni. Því ætti að sjá til þess að vatn, sem notað er í fiskabúr og -geyma, sé lagað að þörfum og þölmörkum hinna einstöku tegunda.

**3.9. Bæli**

Undirburður ætti að vera þurr, rakadrægur, ryklaus, ekki eittraður og laus við efni sem valda sýkingu eða meindýr eða mengun í annarri mynd. Þess ætti að gæta sérstaklega að nota ekki sag eða annað undirburðarefni úr viði sem hefur fengið efnafræðilega meðhöndlun. Nota má ýmsa aukaframleiðslu eða úrgang frá iðnaði, svo sem tættan pappír.

**3.10. Hreyfing og meðferð**

3.10.1. Ráðlegt er að nota hvert tækifæri til að láta dýrin hreyfa sig.

3.10.2. Atferli dýrs í tilraun er mjög háð því hversu mikið traust það ber til manna og þetta er nokkuð sem þarf að þjálfra upp. Villt dýr og flækingsdýr verða sennilega aldrei bestu tilraunadýrin. Þessu er öðruvísi farið með tamin dýr sem fæðast og alast upp í návist manna. En þegar traust hefur myndast verður að halda því við. Því er mælt með tíðum samskiptum við dýrin svo að þau venjist návist og starfsemi manna. Gera ætti ráð fyrir tíma til að tala við þau, snerta þau og sýsla um þau eftir því sem við á. Starfsfólkið ætti að vera vingjarnlegt, tillitssamt og ákveðið í samskiptum sínum við dýrin.

**3.11. Hreingerningar**

3.11.1. Gæði vistarveranna eru mjög undir hreinlæti komin. Gefa ætti skýrar leiðbeiningar um endurnýjun undirburðarefna í búrum og stúum.

3.11.2. Koma ætti á viðunandi vinnutilhögun í sambandi við hreingerningar, þvott, afmengun og, þegar þörf krefur, sæfingu búra og fylgihluta, flaskna og annars búnaðar. Einnig ætti að gera miklar kröfur til þrífnaðar og reglu í dýra- og þvottahúsum og geymslum.

3.11.3. Þrifa ætti og endurnýja, eftir því sem við á, efnið í botni stúa, búra og girðinga utanhúss til að koma í veg fyrir að það valdi sýkingu og útbreiðslu sníkjudýra.

**3.12. Aflífun dýra á mannúðlegan hátt**

3.12.1. Mannúðlegar aðferðir við aflífun dýra krefjast allar sérfræðikunnáttu sem aðeins er hægt að afla sér með viðeigandi þjálfun.

3.12.2. Dýr sem er alveg meðvitundarlaust má blóðtæma en ekki ætti að nota lyf sem lama vöðvana áður en dýrin missa meðvitund, lyf sem hafa sömu verkun og kúrare-eitur og aflífun með rafmagni án þess að straumur fari í gegnum heila dýrsins, nema dýrið hafi áður verið deytt.

Ekki ætti að leyfa förgun skrokka fyrr en við dauðastjarfa („rigor mortis“).

TAFLA 1

**Viðmiðunarreglur um hita í húsum**  
(dýr sem geymd eru í búrum, stíum eða innanhússgirðingum)

Tegund eða tegundahópar	Æskilegt hitastig (°C)
Prímatar úr nýja heiminum (aðrir en menn)	20–28
Mýs	20–24
Rottur	20–24
Gullhamstrar	20–24
Stökkmýs	20–24
Marsvín	20–24
Prímatar úr gamla heiminum (aðrir en menn)	20–24
Kornhænur	20–24
Kanínur	15–21
Kettir	15–21
Hundar	15–21
Frettur	15–21
Alifuglar	15–21
Dúfur	15–21
Svín	10–24
Geitur	10–24
Sauðfé	10–24
Nautgripir	10–24
Hestar	10–24

*ATH.*: Í sérstökum tilvikum, til dæmis þegar um er að ræða vistun mjög ungra eða snoðinna dýra, kann að vera þörf fyrir hærri hita í húsum en hér er tilgreindur.

TAFLA 2

**Viðmiðunarreglur um lengd sóttkvíunar á hverjum stað**

*Athugasemd:* Um innflutt dýr gildir að lengd sóttkvíunar ætti að fara eftir reglugerðum í hverju aðildarríki. Þar til bær einstaklingur, sem yfirleitt er dýralæknir sem stöðin tilnefnir, ætti að ákveða lengd sóttkvíunar á hverjum stað.

Tegund	Dagar
Mýs	5–15
Rottur	5–15
Stökkmýs	5–15
Marsvín	5–15
Gullhamstrar	5–15
Kanínur	20–30
Kettir	20–30
Hundar	20–30
Prímatar (aðrir en menn)	40–60

TAFLA 3

**Viðmiðunarreglur um búr fyrir lítil nagdýr og kanínur**  
(í geymslu og meðan á tilraun standur)

Tegund	Lágmarksgólf- flötur búrs cm <sup>2</sup>	Lágmarkshæð búrs cm
Mýs	180	12
Rottur	350	14
Gullhamstrar	180	12
Marsvín	600	18
Kanínur 1 kg	1 400	30
2 kg	2 000	30
3 kg	2 500	35
4 kg	3 000	40
5 kg	3 600	40

*ATH.*: Með „hæð búrs“ er átt við fjarlægðina lóðrétt frá búrgólfi upp að láréttum hluta loks eða búrs.

Við skipulagningu tilrauna ætti að hafa það í huga að dýrin geta stækkað og tryggja nægilegt rými á öllum stígum tilraunanna í samræmi við þessa töflu.

Sjá einnig myndir 1 til 5 og 8 til 12.

TAFLA 4

**Viðmiðunarreglur um búr fyrir lítil nagdýr með afkvæmi**

Tegund	Lágmarksgólf- flötur búrs fyrir kvendýr og afkvæmi cm <sup>2</sup>	Lágmarkshæð búrs cm
Mýs	200	12
Rottur	800	14
Gullhamstrar	650	12
Marsvín	1 200	18
Marsvín í kvennabúrum	1 000 á fullvaxið dýr	18

*ATH.*: Sjá töflu 3 um skilgreiningu á „hæð búrs“.

TAFLA 5

**Viðmiðunarreglur um búr fyrir kanínur með afkvæmi**

Þyngd kvendýrs  kg	Lágmarks- gólflötur á kvendýr og afkvæmi  m <sup>2</sup>	Lágmarks- hæð búrs  cm	Lágmarks- gólflötur hreiðurkassa  m <sup>2</sup>
1	0,30	30	0,10
2	0,35	30	0,10
3	0,40	35	0,12
4	0,45	40	0,12
5	0,50	40	0,14

ATH.: Sjá töflu 3 um skilgreiningu á „hæð búrs“.

Gólflötur hreiðurkassa er talinn með í lágmarksgólffleti á hvert kvendýr og afkvæmi.

Sjá og mynd 6.

TAFLA 6

**Viðmiðunarreglur um vistarverur katta**

(við tilraunir og með afkvæmi)

Þyngd kattar  kg	Lágmarks- gólflötur á kött  m <sup>2</sup>	Lágmarks- hæð búrs  cm	Lágmarks- gólflötur búrs á læðu og afkvæmi m <sup>2</sup>	Lágmarks- gólflötur stú á læðu og afkvæmi m <sup>2</sup>
0,5 – 1	0,2	50	—	—
1 – 3	0,3	50	0,58	2
3 – 4	0,4	50	0,58	2
4 – 5	0,6	50	0,58	2

ATH.: Gera ætti sem minnst af því að vista ketti í búrum. Þegar kettir eru lokaðir inni á þann hátt ætti að hleypa þeim út að minnsta kosti einu sinni á sólarhring til að þeir fái hreyfingu, hafi það ekki áhrif á tilraunina. Í stúum fyrir ketti ættu að vera sandkassar, nægilegt hillurými til hvíldar ásamt hlutum sem henta til klifurs og til að skerpa klærnar.

Með „hæð búrs“ er átt við fjarlægðina lóðrétt milli efsta hluta gólfs og neðsta hluta lofts í búri.

Þegar lágmarksgólflötur er reiknaður er heimilt að telja flatarmál hillna með. Í lágmarksgólffleti fyrir hverja læðu og afkvæmi er innifalinn 0,18 m<sup>2</sup> flötur fyrir útungunarkassa.

Sjá einnig mynd 7.

TAFLA 7

**Viðmiðunarreglur um búr fyrir hunda**  
(við tilraunir)

Hæð hunds upp á herðakamb cm	Lágmarks- gólflötur búrs á hund m <sup>2</sup>	Lágmarks- hæð búrs cm
30	0,75	60
40	1,00	80
70	1,75	140

*ATH.:* Hunda ætti ekki að vista í búrum lengur en brýn nauðsyn krefur vegna tilraunarinnar. Hleypa ætti hundum í búrum út að minnsta kosti einu sinni á dag til hreyfingar nema það samrýmist ekki markmiði tilraunarinnar. Setja ætti ákveðin mörk fyrir þann tíma sem loka má hund inni án þess að hann fái hreyfingu á hverjum degi. Athafnasvæði ættu að vera nógu stór til að hundurinn fái nægilegt svigrúm til hreyfingar. Rimlagólf ætti ekki nota í hundabúrum nema tilraunin útheimti þau.

Þar sem mikill munur er á hæð mismunandi hundategunda og lítið samband innbyrðis milli hæðar og þyngdar ætti að miða hæð búrs við hæð upp á herðakamb á hverju dýri. Almenn tætti að miða við þá reglu að lágmarkshæð búrs sé tvisvar sinnum hæðin upp á herðakamb.

Sjá athugasemd við töflu 6 um skilgreiningu á „hæð búrs“.

TAFLA 8

**Viðmiðunarreglur um stúur fyrir hunda**  
(í geymslu, við tilraunir og með afkvæmi)

Þyngd hunds kg	Lágmarks- gólflötur stúu á hund m <sup>2</sup>	Lágmarksflötur aðliggjandi athafnasvæðis á hund	
		allt að 3 hundar m <sup>2</sup>	meira en 3 hundar m <sup>2</sup>
< 6	0,5	0,5 (1,0)	0,5 (1,0)
6 – 10	0,7	1,4 (2,1)	1,2 (1,9)
10 – 20	1,2	1,6 (2,8)	1,4 (2,6)
20 – 30	1,7	1,9 (3,6)	1,6 (3,3)
> 30	2,0	2,0 (4,0)	1,8 (3,8)

*ATH.:* Tölur í svigum sýna samanlagt flatarmál á hvern hund, það er gólflöt stúu auk aðliggjandi athafnasvæðis. Hundar sem eru ávallt hafðir utandyra ættu að geta leitað skjóls í slæmu veðri. Þegar vistarverur hunda eru með rimlagólfi ætti að sjá þeim fyrir heilum fleti að sofa á. Rimlagólf ætti ekki að nota nema tilraunin útheimti það. Skilveggir milli stúa ættu að vera þannig úr garði gerðir að hundarnir geti ekki meitt hver annan.

Í öllum stúum ætti að vera fullnægjandi afrennsli.

TAFLA 9

**Viðmiðunarreglur um búr fyrir prímata (aðra en menn)**

(í geymslu, við tilraunir og með afkvæmi)

*Athugasemd:* Þar eð mikill munur er á stærð og einkennum prímata er sérstaklega mikilvægt að haga lögun, innréttingum og stærð búrana eftir þörfum þeirra. Heildarrúmmál búrsins er jafnmikilvægt fyrir prímata og gólfhlöturinn. Almennt gildir sú regla að hæð búrs, að minnsta kosti þegar um mannapa og aðra stóra apa er að ræða, ætti að vera lengsta mál búrsins. Búrin ættu að vera nógu há til að dýrin geti að minnsta kosti staðið upprétt. Lágmarkshæð búrs fyrir apa sem sveifla sér („brachiator“) ætti að vera nógu mikil til að þeir geti sveiflað sér í fullri lengd í loftinu án þess að fætur þeirra snerti gólf búrsins. Þar sem við á ætti að koma fyrir klifurgrindum til að prímatairnir geti notað efri hluta búrsins.

Prímata sem eiga saman má hafa tvo saman í búri. Þegar það er ekki hægt ætti að koma búrunum þannig fyrir að þeir geti séð hvor annan en einnig ætti að vera hægt að koma í veg fyrir það þegar þörf krefur.

Taflan hér á eftir er almenn viðmiðunarregla, með hliðsjón af þessum athugasemdum, um búr fyrir þá tegunda-hópa sem eru oftast notaðir (yfirættirnar *Ceboidea* og *Cercopithecoidea*).

Þyngd prímata kg	Lágmarks-gólfhlötur fyrir eitt eða tvö dýr m <sup>2</sup>	Lágmarks-hæð búrs cm
< 1	0,25	60
1 – 3	0,35	75
3 – 5	0,50	80
5 – 7	0,70	85
7 – 9	0,90	90
9 –15	1,10	125
15 –25	1,50	125

*ATH.:* Sjá töflu 6 um skilgreiningu á „hæð búrs“.

TAFLA 10

**Viðmiðunarreglur um búr fyrir svín**

(í geymslu og við tilraunir)

Þyngd svíns kg	Lágmarks-gólfhlötur búrs á svín m <sup>2</sup>	Lágmarks-hæð búrs cm
5 – 15	0,35	50
15 – 25	0,55	60
25 – 40	0,80	80

*ATH.:* Tafla þessi á einnig við um grísi. Svín ætti ekki að vista lengur í búrum en bryn nauðsyn krefur vegna tilraunarinnar og þá í eins stuttan tíma og framast er unnt.

Sjá töflu 6 um skilgreiningu á „hæð búrs“.

TAFLA 11

**Viðmiðunarreglur um vistun búpenings í stúum**  
(í geymslu og við tilraunir í notkunarstöðvum)

Tegund og þyngd kg	Lágmarks- gólfhlötur stúu m <sup>2</sup>	Lágmarks- lengd stúu m	Lágmarks- hæð skilrúms í stúu m	Lágmarks- gólfhlötur stúu fyrir hópa m <sup>2</sup> á dýr	Lágmarks- lengd fóðurstokks á dýr m
Svín	10 – 30	2	1,6	0,8	0,20
	30 – 50	2	1,8	1,0	0,25
	50 – 100	3	2,1	1,2	0,30
	100 – 150	5	2,5	1,4	0,35
	> 150	5	2,5	1,4	0,40
Sauðfé	< 70	1,4	1,8	1,2	0,35
Geitur	< 70	1,6	1,8	2,0	0,35
Naut- gripir	< 60	2,0	1,1	1,0	0,30
	60 – 100	2,2	1,8	1,0	0,30
	100 – 150	2,4	1,8	1,0	0,35
	150 – 200	2,5	2,0	1,2	0,40
	200 – 400	2,6	2,2	1,4	0,55
	> 400	2,8	2,2	1,4	0,65
Fullvaxnir hestar	13,5	4,5	1,8	—	—

TAFLA 12

**Viðmiðunarreglur um vistun búpenings á básum**  
(í geymslu og við tilraunir í notkunarstöðvum)

Tegund og þyngd kg	Lágmarks- básahlötur m <sup>2</sup>	Lágmarks- básalengd m	Lágmarks- hæð skilrúms í bás m
Svín	100 - 150	1,2	2,0
	> 150	2,5	2,5
Sauðfé	< 70	0,7	1,0
Geitur	< 70	0,8	1,0
Naut- gripir	60 – 100	0,6	1,0
	100 – 150	0,9	1,4
	150 – 200	1,2	1,6
	200 – 350	1,8	1,8
	350 – 500	2,1	1,9
	> 500	2,6	2,2
Fullvaxnir hestar	4,0	2,5	1,6

ATH.: Básar ættu að vera nógu breiðir til að dýrin geti teygst vel úr sér.

TAFLA 13

**Viðmiðunarreglur um fuglabúr**  
(í geymslu og við tilraunir í notkunarstöðvum)

Tegund og þyngd	Lágmarks-flötur á fugl	Lágmarks-flötur á 2 fugla eða fleiri	Lágmarks-flötur á 3 fugla eða fleiri	Lágmarks-hæð búrs	Lágmarks-lengd fódurstokks á fugl	
g	cm <sup>2</sup>	cm <sup>2</sup> /fugl	cm <sup>2</sup> /fugl	cm	cm	
Kjúklingar	100 – 300	250	200	150	25	3
	300 – 600	500	400	300	35	7
	600 – 1 200	1 000	600	450	45	10
	1 200 – 1 800	1 200	700	550	45	12
	1 800 – 2 400	1 400	850	650	45	12
(Fullorðnir hanar)						
	> 2 400	1 800	1 200	1 000	60	15
Kornhænur	120–140	350	250	200	15	4

*ATH.*: „Flötur“ merkir margfeldi lengdar og breiddar innanmáls búrs lárétt; *ekki* margfeldi gólf lengdar og -breiddar.

Sjá töflu 6 um skilgreiningu á „hæð búrs“.

Möskvastærð í gólfi úr vírneti ætti ekki að vera yfir 10 x 10 mm fyrir unga kjúklinga og 25 x 25 mm fyrir hálfvaxna kjúklinga og fullvaxna. Þykkt víranna ætti að vera minnst 2 mm. Gólfhalli ætti ekki að fara yfir 14% (8°). Vatnsþrær ættu að vera jafnlangar og fódurstokkar. Ef notast er við túttur eða bolla ætti hver fugl að hafa aðgang að tveimur slíkum. Búr ættu að vera með þverprikum og sé einn fugl hafður í hverju búi ættu þeir að eiga þess kost að sjá hver annan.

## MYND 1

**Mús**

(í geymslu og við tilraunir)

**Lágmarksgólfloitur búrs**

Línan EU–EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverri mús miðað við þyngd hennar.

Þyngd einnar músar (g)

Gólfloitur búrs (cm<sup>2</sup>)

## MYND 2

**Rottur**

(í geymslu og við tilraunir)

**Lágmarksgólfloitur búrs**

Línan EU–EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverri rottu miðað við þyngd hennar.

Þyngd einnar rottu (g)

Gólfloitur búrs (cm<sup>2</sup>)

MYND 3  
**Gullhamstrar**  
(í geymslu og við tilraunir)  
**Lágmarksgólfloður búrs**

Línan EU–EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverjum gullhamstri miðað við þyngd hans.

Þyngd eins gullhamsturs (g)

Gólfloður búrs (cm<sup>2</sup>)

MYND 4  
**Marsvín**  
(í geymslu og við tilraunir)  
**Lágmarksgólfloður búrs**

Línan EU–EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverju marsvíni miðað við þyngd þess.

Þyngd eins marsvínis (g)

Gólfloður búrs (cm<sup>2</sup>)

MYND 5  
**Kanínur**  
(í geymslu og við tilraunir)  
**Lágmarksgólfloður búrs**

Línan EU–EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverri kanínu miðað við þyngd hennar.

Þyngd einnar kanínu (kg)

Gólfloður búrs (m<sup>2</sup>)

MYND 6  
**Kanínur**  
(með afkvæmi)

**Lágmarksgólfloður búrs fyrir kvendýr með afkvæmi sem hafa ekki verið vanin undan**

Línan EU–EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverju kvendýri kanínu miðað við þyngd hennar.

Þyngd eins kvendýrs kanínu (kg)

Gólfloður búrs (m<sup>2</sup>)

## MYND 7

**Kettir**  
(í geymslu og við tilraunir)  
**Lágmarksgólfötur búrs**

Línan EU–EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverjum ketti miðað við þyngd hans.

Þyngd eins kattar (kg)

Gólfötur búrs (cm<sup>2</sup>)

## MYND 8

**Leiðbeiningar um sambandið milli fjölda músa í búi og gólfatar búrs**  
(í geymslu og við tilraunir)

Línurnar sýna meðalþyngd og svara til línunnar EU–EU á mynd 1.

Gólfötur búrs (cm<sup>2</sup>)

Lágmarksgólfötur búrs

Fjöldi músa  
Lágmarkshæð músabúrs (cm<sup>2</sup>)

MYND 9

**Leiðbeiningar um sambandið milli fjölda rotta í búi og gólfplatár búrs**  
(í geymslu og við tilraunir)

Línurnar sýna meðalþyngd og svara til línunnar EU–EU á mynd 2.

Gólfplötur búrs í cm<sup>2</sup>

Lágmarksgólfplötur búrs

Fjöldi rotta  
Lágmarkshæð rottubúrs: 14 cm

—

MYND 10

**Leiðbeiningar um sambandið milli fjölda hamstra í búi og gólfplatar búrs**  
(í geymslu og við tilraunir)

Línurnar sýna meðalþyngd og svara til línunnar EU–EU á mynd 3.

Gólfötur búrs í  $\text{cm}^2$

Lágmarksgólfötur búrs

Fjöldi hamstra  
Lágmarkshæð hamstrabúrs: 12 cm

—

## MYND 11

**Leiðbeiningar um sambandið milli fjölda marsvína í búi og gólfflatar búrs**  
(í geymslu og við tilraunir)

Línurnar sýna meðalþyngd og svara til línunnar EU–EU á mynd 4.

Gólfötur búrs í cm<sup>2</sup>

Lágmarksgólfötur búrs

Fjöldi marsvína  
Lágmarkshæð marsvínabúrs: 18 cm

---

## MYND 12

**Leiðbeiningar um sambandið milli fjölda kanína í búri og gólfplatlar búrs**  
(í geymslu og við tilraunir)

Línurnar sýna meðalþyngd og svara til línunnar EU–EU á mynd 5.

Gólfplötur búrs í cm<sup>2</sup>

Lágmarksgólfplötur búrs > 750 g

Lágmarksgólfplötur búrs < 750 g

Fjöldi kanína  
Lágmarkshæð kanínubúrs: sjá töflu 3

---